



VATN fyrir öll?

Verkefni fyrir 13-25 ára

Vegna gífurlegrar eftirspurnar eftir vatni í landbúnaði og iðnaði er í mörgum löndum gengið mjög nærri grunnvatnsbirgðum auk þess sem mengun grunnvatnsins er víða raunverulegt vandamál. Nemendur skoða aðgengi fólks víðvegjar um heiminn að hreinu vatni.



Markmið

- Að nemendur fræðist um ólíkt aðgengi jarðarbúa að hreinu vatni
- Að nemendur komi með hugmyndir um hvernig þeir geti tekið þátt í því að auka aðgengi annarra að hreinu vatni



Framkvæmd

Notast er við verkefnið Dollar Street er verkefni sem var stofnað af Gapminder Foundation og hefur það að markmiði að sýna hvernig fólk lifir við mismunandi fjárhagsstöðu um allan heim. Verkefnið lýsir heimilislífi fjölskyldna út frá ólíkum efnahag, frá mjög fátækum heimilum upp í mjög auðuga. Hægt er að skoða myndir sýna daglegt líf einstaklinga, heimili og húsnæði í ýmsum löndum.

Hugmyndir um hvernig má vinna með Dollar street

- Bera saman ólíkt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu eftir efnahag og/eða staðsetningu
- Notaða leitargluggann til þess að skoða t.d. hvernig fólk nálgast hreint vatn, hvernig salernisaðstaða fólks er ofl. Sláið inn leitarorðið water og þá koma mismunandi undirflokkar

Í framhaldinu er tilvalið að skoða hvort nemendur á Íslandi geti á einhvern hátt aðstoðað við að auka aðgengi annarra að hreinu vatni. Dæmi eru um að Grænánaskólar hafi safnað fyrir vatnsbrunnum með því að safna áheitum.

Höfum áhrif